

**Samningur um
Evrópska efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 21/94
frá 28. október 1994**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 844/94 frá 12. apríl 1994, til breytingar á reglugerð (EBE) nr. 1101 /89 um skipulagsbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum⁽¹⁾, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 44. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1101/89) í XIII. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„- 394 R 0844: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 844/94 frá 12. apríl 1994 (Stjttíð. EB nr. L 98, 16. 4. 1994, bls.1).“

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 844/94 á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

(1) Stjttíð. EB nr. L 98, 16. 4. 1994, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 15. desember 1994 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. október 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

H. Hafstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Sucker